

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2010

Í Menningar- og bókasafnsnefnd eru: Valdís Kristinsdóttir, formaður (B), Kristín Gísladóttir, (D) og Halldór Lárusson, (G). Starfsmaður nefndarinnar er Kristinn Reimarsson. Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður (í heilli stöðu), Guðrún Erla Hákonardóttir (í 50% stöðu), Guðbjörg Ásgeirsdóttir (í 50% stöðu) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% stöðu (Atvinna með stuðningi)).

Safnkostur, þjónusta og útlán (tölur frá fyrra ári í sviga)

Við árslok var búið að skrá inn 18.049 safngagn(17.631), sem skiptist í bækur, hljóðbækur, tímarit, tölvugögn, DVD, (nokkur myndbönd enn eftir). Nýskráð gögn voru 920 (928) og afskráð gögn voru 689 (367) (eldri tímarit, afskráð tvítök (seld ódýrt) og ónýtt og glatað efni). Afgreiðslutíminn er frá kl. 11 til 18, mánudaga til föstudaga, auk þess var opið á laugardögum frá 11 til 13, frá 1. október til 31.maí. Vegna aðhalds í rekstri var ákveðið að hætta með laugardags-opnun frá og með 1.nóv. 2010. Nú er því opið eins allan ársins hring í 7 tíma á dag virka daga – alls 35 tíma á viku, lokað um helgar.

Við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2010 var ákveðið að setja á árgjald um áramótin, fyrir lánþega safnsins, sem hafði ekki verið áður (eða í mörg ár), auk þess að hækka gjaldskrá, sú hækkun tók gildi 1.nóvember 2010.

Heildarútlán voru um 15.500, (nokkur aukning frá í fyrra (rúml.15.000)).

Útlán skiptast þannig:

- Bækur tæplega 13.000 eintök
- Annað efni 2.500 (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni)
- Millisafnalán samtals 10 (beiðnir frá okkur 7 – beiðnir til okkar 3)

Hreinsað var til í lánþegaskránni undir lok árs, til að sjá raunverulegan lánþegafjölda en brottfluttur lánþegar haldast inni og þarf að eyða þeim út handvirkt. Við lok árs voru lánþegar því 1098 (1221 voru skráðir um síðustu áramót).

Komur gesta á safnið (tölur frá fyrra ári í sviga)

Samkvæmt talningu, sem gerð var 10 sinnum yfir árið, viku í senn, stendur meðaltal gesta nokkurn veginn í stað eða 190 á viku (191), þó að í haust hafi safnið verið vel sótt og alltaf yfir 200 manns í talningu (228 þegar flest var). Enn fækkar komum unglinga - 8 (9) og einnig núna barna 41 (50) - á viku. Notkun á net-upplýsinga-veitum, sem bókasöfn landsins bjóða landsmönnum upp á er mikil, t.d. á Hvar.is (www.hvar.is) sem fær mikinn fjölda heimsóknna eða alls 907.294, mest í Science Direct, 275.383 og í ProQuest Central, 197.506, árið 2010. Þarna er hægt að ná í margs konar efni og fræðigreinar í fullri lengd.

Styrkir

Samstarf var með Bókasöfnunum á Reykjanesskaga og Miðstöð símenntunar um fyrirlestra vetur og haust 2010 (annað árið í röð). Verkefnið var styrkt af Menningarráði Suðurnesja og dagskrá um menningararfinn var haldin á öllum söfnunum. Styrkir fengust líka haustið 2010 frá Þjóðhátíðarsjóði og Menningarráði Suðurnesja til þess að vinna sérstakt verkefni fyrir Ljósmyndasafn Grindavíkur, þ.e. að vinnslu mynda Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar, kennara og koma þeim á rafrænt form og inn í Ljósmyndasafnið á netinu. Þessir styrkir verða notaðir árið 2011.

Fyrir styrkinn sem fékkst 2009 til Ljósmyndasafnsins frá Menningarráði Suðurnesja kr. 300.000, var hægt að klára að skanna inn og setja á netið þær myndir sem safnast höfðu upp hjá safninu.

Viðburðir

Á Menningardögum Grindavíkur, (sem féll að Safnahelgi á Suðurnesjum) í mars fengum við spákonu í heimsókn – Elínu Maríu Vilbergsdóttur, sem spáði í bolla og drauma og var ásókn mikil. Þá var líka dagskrá með rithöfundunum landsþekktu Kristínu Marju Baldursdóttur og Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, sem sögðu frá tilurð bóka sinna og spjölluðu við gesti. Einnig var þá skemmtilegt atriði frá Tónlistarskólanum – hljóðsett ljóð.

Á Sumardaginn fyrsta var boðið til árlegrar barna-leiksýningar í Hópsskóla, sem að þessu sinni var um tröllastelpuna Lómu, sem Leikfélag Keflavíkur sýndi.

Sumarlestur var að venju og fór uppskeruhátíðin fram 8.september á alþjólegum degi læsis. Allir krakkarnir (48) fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna og bæjarstjóri dró út þrjá vinningsmiða í happadrættinu.

Bókmenntakvöld var haldið á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember, í sal bæjarstjórnar. Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við HÍ hélt fyrirlestur um Ragnheiði Jónsdóttur rithöfund og sagnaritun þess tíma. Verkefnið var styrkt af Menningarráði Suðurnesja.

Amnesty kortin lágu svo frammi til undirskriftar í byrjun desember eins og undanfarin ár og þann 17. desember var föndurdagur á bókasafninu.

Myndir frá öllum viðburðum safnsins er að finna á Ljósmyndavef Grindavíkur:
<http://myndir.grindavik.is/> undir flokknum *Bókasafn*

Grindavík, 5.apríl, 2011

Margrét R. Gísladóttir,
Forstöðumaður.